

Niðurstaða

forsendunefndar ASÍ og SA vegna endurskoðunar kjarasamninga í febrúar 2017

Forsendunefnd ASÍ og SA, sem starfar skv. kjarasamningum aðila sem gerðir voru á tímabilinu maí til september 2015, hefur tekið til skoðunar þrjár forsendur samninganna.

Niðurstaðan er eftirfarandi:

1. Efnidir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, dags. 28.5. 2015

Ríkisstjórnin hefur með yfirlýsingu sinni, dags. 28.2.2017, tryggt fulla fjármögnun á stofnframlögum ríkisins til 2.300 almennra íbúða á árunum 2016-2019 eða að hámarki 600 á ári og að skipting þeirra á milli framkvæmdaaðila og markahópa verði í samræmi við markmið samninganna. Á grundvelli yfirlýsingarinnar telur nefndin að þessi forsenda hafi staðist.

2. Mat á því hvort launastefna og launahækkanir samninganna hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði


Kjarasamningar aðila, sem gerðir voru á tímabilinu frá maí til september 2015 með viðbótum í kjarasamningi 21. janúar 2016, byggðu á skýrum kostnaðarramma og launastefnu. Kostnaðarramminn var samningsbundin hækkun launakostnaðar að hámarki 32% frá nóvember 2013 til ársloka 2018. Launastefnan fólst í sérstakri launahækkun fyrir þá lægst launuðu. Frá því nefndin úrskurðaði síðast í febrúar 2016 hefur kjarapróun hjá hinu opinbera ekki verið í samræmi við framangreindan kostnaðarramma og launastefnu. Nefndin telur því að þessi forsenda hafi brostið.

3. Aukinn kaupmáttur launa á samningstímanum


Að teknu tilliti til þess að kaupmáttur launa í ársbyrjun 2017 er umtalsvert meiri en við gerð kjarasamninga telur nefndin að þessi forsenda hafi staðist.

Reykjavík 28. febrúar 2017,

Fulltrúar ASÍ í forsendunefnd



Fulltrúar SA í forsendunefnd



Hannes G. Sigurðsson